



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2009
Tilvísun: 2009110005
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 23. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 23. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar en tekur ekki efnislega afstöðu til hennar. Hins vegar vekur Orkustofnun athygli iðnaðarnefndar á að iðnaðarráðherra hefur skipað ráðgjafahóp til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði. Samkvæmt skipunarbréfi ber ráðgjafahópnum að skila ráðherra greinargerð fyrir lok ársins. Umsjón með störfum hópsins er í höndum Orkustofnunar. Samkvæmt skipunarbréfi er verksvið ráðgjafahópsins eftirfarandi:

1. Fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum.
2. Kanna viðhorf núverandi rekstraraðila á vestfjörðum til ástands raforkukerfisins og áhrif þess á áframhaldandi atvinnuuppbyggingu.
3. Fjalla um mismunandi möguleika á að nýta raforku til atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum á næstu árum.
4. Draga upp mismunandi sviðsmyndir fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og meta samsvarandi þörf fyrir afl og orku. meta áhrif raforkuöryggis á möguleika til atvinnuuppbyggingar og hagvaxtar.
5. Fara yfir þá möguleika sem fyrir hendi eru til aukinnar raforkuframleiðslu á Vestfjörðum og hvernig sú framleiðsla getur bætt gæði raforkukerfisins.
6. Fara yfir mismunandi kosti til þess að bæta tengingar fyrir flutning raforku milli Vestfjarða og annarra landshluta.
7. Gera samanburð á virkni og hagkvæmni mismunandi kosta með hliðsjón af markmiðum verkefnisins.
8. Gera tillögur um aðgerðir til þess að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði.

Með vísan til þess að vinnu framangreinds ráðgjafahóps, sem vinnur undir stjórn orkumálastjóra, er ekki lokið telur Orkustofnun ekki við hæfi að hún leggi á þessu stigi málsins efnislegt mat á fyrirbyggjandi tillögur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

Lárus Ólafsson